

## Nýlegir dómar og úrskurðir

### Hugtakið atvinnurekstur við yfirfærslu einstaklingsrekstrar í einkahlutafélag

Hinn 25. nóvember sl. féll dómur Hæstaréttar í máli nr. 223/2010. Málavextir voru að einstaklingur hafði um árabíl haft með höndum einstaklingsrekstur sem fólgin var í útleigu fasteigna. Á árinu 2000 var síðasta fasteign rekstrarins seld og heimild í þágildandi 13. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt (núgildandi 14. gr.), nýtt til að fresta skattlagningu söluhagnaður um tvenn áramót. Fyrir andvirði söluhagnaðarins var fjárfest í hlutabréfum í Paros Holding SA sem skráð var í Lúxemborg. Á árinu 2002 var einkahlutafélagið Paros ehf. stofnað sem tók við eignum og skuldum einstaklingsrekstrarins sbr. heimild í 57. gr. c. þágildandi laga nr. 75/1981 (núgildandi 56. gr.). Hinn frestaði söluhagnaður var síðan tekjufærður hjá félaginu þar sem nýrra fasteigna hafði ekki verið aflað innan greindra tíma- marka. Hæstiréttur taldi að eftir að sala síðustu eignar einstaklingsrekstrarins fór fram hafi ekki verið um atvinnurekstur að ræða, enda væri eignarhald á hinu erlenda félagi eitt og sér ekki talið atvinnurekstur í skilningi tekjuskatt- laga. Var því ekki fullnægt frumskilyrði

1. mgr. 57. gr. c. laga nr. 75/1981 til þess að skattleggja söluhagnaðinn sem tekjur Paros ehf., heldur bar með réttu að fara með hann sem tekjur af einstaklingsrekstri.

### Skattaleg meðferð söluréttarsamninga

Hinn 1. nóvember sl. féll dómur í héraðsdómi Reykjavíkur í máli nr. E-4843/2010. Málavextir voru þeir að starfsmanni KB banka hf. var í árslok 2001 boðið, ásamt fleiri starfsmönnum, að kaupa hlut í bankanum á markaðs- virði. Bankinn veitti lán fyrir kaupunum með veð í bréfunum. Samhliða var gerður samningur um sölurétt á hlutabréfunum sem starfsmaðurinn gat nýtt í þrjú daga að þremur árum liðnum frá undirritun. Í söluréttinum fólst sú trygging að þremur árum liðnum gat starfsmaðurinn gengið frá viðskiptunum sér að kostnaðarlausu ef gengi hlutabréfanna yrði honum óhagstætt. Álitamálið snerist um hvernig fara skyldi með uppgjör af samningunum í skattalegu tilliti þar sem lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, kveða einungis á um hvernig fara skuli með uppgjör af kaupréttarsamningum sbr. 9. gr. laganna. Í forsendum niðurstöðu héraðsdóms var tekið fram að ekki yrði hjá því litið að

tilgangur samninganna hafi verið kaup- auki fyrir starfsmanninn. Með þeim hafi honum verið gert kleift að eignast hlutina en var jafnframt tryggður fyrir verðlækkun þeirra. Var talið að 1. mgr. 57. gr. laganna, um óvenjuleg skipti í fjármálaum, ætti við í þessu tilfalli og því fallist á með ríkisskattstjóra að í samningunum hafi falist yfirfærsla kaupréttar sams konar þeim er verða myndi með kaupréttarsamningi skv. 9. gr. laganna. Með hagnaðinn skyldi því fara með sem laun skv. 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laganna.

### Skilyrði sjálfstæðrar skattskyldu samlagshlutafélaga

Í úrskurði yfirskattanefndar nr. 268/2010 var deilt um hvort kærandi, sem var samlagshlutafélag, uppfyllti skilyrði sjálfstæðrar skattskyldu skv. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Ríkisskattstjóri taldi svo ekki vera sem hafði í för með sér að tekjur kæranda voru skattlagðar hjá eigendum hans. Samkvæmt stofn- samningi voru stofnendur kæranda tveir einstaklingar, A og B, til heimilis að sama stað og félagið. Stofnfé kæranda var ekkert. A var eigandi að 99,9% hlut í kæranda og ábyrgðist allar

skuldir kæranda gagnvart þriðja manni með öllum sínum eignum (félagsmaður með ótakmarkaða ábyrgð). B var eigandi að 0,1% hlut og ábyrgðist ekki skuldir kæranda (samlagsmaður). Hagnaði og tapi skyldi skipta í samræmi við eignarhlutdeild þeirra. Yfirsattanefnd taldi með hliðsjón af skilgreiningu á samlagsfélagi í a-lið 33. gr. laga nr. 42/1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, að stofnun kæranda hafi verið gerð til málamynda í skattalegu tilliti. Nefndin færði þau rök fyrir niðurstöðu sinni að ekki hafi verið um að ræða neitt fjárframlag B til kæranda,

enda hafi ekki verið neinu stofnfé til að dreifa. Þá var horft til þess að ákvæði um eignarhlutföll og ábyrgð fólu í sér að ábyrgð B á starfsemi kæranda hafi verið hverfandi auk þess sem nákomnir aðilar hafi staðið að stofnun hans. Til frekari stuðnings var vísað til sjónarmiða í hrd. 237/1998 (Partafélagið).

#### Staðgreiðsluskylda fjármálastofnana af söluhagnaði erlendra aðila

Í úrskurði yfirsattanefndar nr. 138/2010 voru málavextir að hlutabréf í Y ehf. voru í eigu tveggja erlendra félaga, skráð á Ermasundseyjunni Jersey. Hlutabréfin voru seld árið 2003

til Þ ehf. og hafði íslenskur viðskiptabanki veitt aðstoð við sölu bréfanna. Í málinu var deilt um hvort bankanum bæri skylda til að halda eftir staðgreiðslu af söluhagnaði sem rann til erlendu félaganna vegna milligöngu um viðskiptin sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Yfirsattanefnd túlkaði hugtakið „milliganga“ þröngt og taldi að tilgangur löggjafans við setningu staðgreiðslulaganna hafi ekki verið sá að mæla fyrir um staðgreiðsluskyldu vegna milli-göngu banka um greiðslur og viðskipti með hlutabréf og önnur verðbréf.

## Virðisaukaskattur hækkar í nokkrum Evrópusambandsríkjum

Fréttir hafa borist erlendis frá að nokkur ríki muni hækka virðisaukaskattsprósentu sína um áramótin. Í Bretlandi hækkar virðisaukaskatturinn úr 17,5 í 20%, í Portúgal hækkar hann úr 21 í 23% og í Lettlandi hækkar hann úr 21 í 22%. Íslendingar eiga þó enn heimsmet í virðisaukaskatti með 25,5%. Næstir koma nágrannar okkar í Danmörku, Noregi og Svíþjóð ásamt Ungverjalandi með 25% virðisaukaskatt.

## Frumvarp til laga um skattskyldu bóta vegna sjúkdómatrygginga

Hinn 30. nóvember sl. var lagt fyrir á Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 90/2003. Er frumvarpinu ætlað, verði það samþykkt sem lög, að leysa úr réttaróvissu um hvernig fara eigi með greiðslur bóta vegna sjúkdómatrygginga. Réttaróvissan skapaðist í kjölfar niðurstöðu héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-10220/2009 um að þær teldust til skattskyldra tekna, öndvert við hvernig farið hefur verið með greiðslurnar í skattframlvæmd fram til þessa. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að við löggin bætist bráðabirgða-ákvæði, þess efnis að þrátt fyrir ákvæði 2. tölul. A-liðar 7. gr. skuli ekki skatt-

leggja útgreiðslur váttryggingabóta vegna sjúkdómatrygginga sem keyptar hafa verið fyrir 1. desember 2010. Þetta þýðir að greiðslur vegna umræddra trygginga sem keyptar eru eftir greint tímamark teljast til skattskyldra tekna. Í frumvarpinu er ennfremur lagt til að ríkisskattstjóra verði heimilt samkvæmt 3. mgr. 101. gr. laga nr. 90/2003 að endurupptaka mál ef skattlagning slíkra greiðslna hefur átt sér stað vegna trygginga fyrir tilgreinda dagsetningu í þeim tilgangi að fella hana niður afturvirktilt til ívilnunar, eins og segir í greinargerð með frumvarpinu.

## Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld

Hinn 30. nóvember sl. var lagt fyrir á Alþingi frumvarp til laga um ýmsar breytingar tengdum sköttum og öðrum opinberum gjöldum. Fyrirhugaðar breytingar eru fjölmargar og má vænta þess að frumvarpið taki einhverjum breytingum í meðförum þingsins. Nánar verður vikið þessum breytingum í næsta tölublaði skattatíðinda þegar búið er að samþykkja frumvarpið sem lög.